

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/248**

2022/EES/26/02

frá 21. febrúar 2020

**um tæknilegar viðmiðunarreglur um skoðanir í samræmi við 17. gr. tilskipunar
Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB***(tilkynnt með númeri C(2020) 889) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB frá 15. mars 2006 um meðhöndlun úrgangs frá námuíðnaði og um breytingu á tilskipun ráðsins 2004/35/EB ⁽¹⁾, einkum c-lið 1. mgr. 22. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt 17. gr. tilskipunar 2006/21/EB er gerð krafa um skoðanir á öllum úrgangsstöðvum sem falla undir 7. gr. þeirrar tilskipunar til að tryggja að þær uppfylli viðeigandi skilyrði í leyfinu. Til að þessar skoðanir séu skilvirkar og árangursríkar ættu lögbær yfirvöld að búa yfir viðeigandi tilföngum, vera óháð rekstraraðilum viðkomandi úrgangsstöðva, hafa vald til nauðsynlegra aðgerða og heimildir og eiga rétt á aðstoð frá rekstraraðilum. Skoðunarstarfsemi ætti einnig að fela í sér samvinnu og samræmingu milli landsyfirvalda sem bera ábyrgð á að tryggja að úrgangsstöðvar í þeirra lögsögu fari að ákvæðum sem sett eru fram í tilskipun 2006/21/EB.
- 2) Til að skoðanir séu skilvirkar og fyrirbyggjandi þykir rétt að þær séu skipulagðar fyrirfram með skoðunaráætlunum sem endurspeglar áhættuna sem stafar af viðkomandi úrgangsstöðvum.
- 3) Þar eð úrgangsstöðvar sem falla undir 7. gr. tilskipunar 2006/21/EB taka til úrgangsstöðva sem ættu að hafa leyfi og þar eð kveðið er á um í 7. gr. að engin úrgangsstöð ætti að vera starfrækt án leyfis er nauðsynlegt að í skoðunaráætlunum séu teknar til greina þær úrgangsstöðvar sem ættu að hafa leyfi en hafa það ekki.
- 4) Aðildarríkin ættu að halda svigrúmi til að taka eigin ákvarðanir við beitingu viðmiðunarreglna um skoðanir, með hliðsjón af mismunandi aðstæðum hvernar úrgangsstöðvar, til að tryggja að skoðanir séu í réttu hlutfalli við viðeigandi umhverfis- og öryggisáhættu sem stafar af hverri úrgangsstöð.
- 5) Til að taka á mismunandi aðstæðum þar sem hugsanlega er ekki farið að tilskildum ákvæðum um leyfi ætti að fastsetja ákvæði um bæði kerfisbundnar skoðanir og ókerfisbundnar skoðanir til að bregðast við alvarlegum kvörtunum, slysum, tilvikum og atvikum þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum. Við framkvæmd skoðana ættu skoðunarmenn einnig að hafa hliðsjón af niðurstöðum skoðana, sem eru framkvæmdar samkvæmt annarri gildandi löggjöf ESB, að því marki sem þessar niðurstöður geta einnig gefið til kynna möguleg vandamál varðand kröfurnar fyrir leyfinu skv. 7. gr. tilskipunar 2006/21/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 51, 25.2.2020, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjóð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 15.

- 6) Til að tryggja skilvirkni skoðana er nauðsynlegt að tiltekinn hluti skoðunarstarfsemi, einkum vettvangsheimsóknir, sé fyrirvaralaus.
- 7) Til að gera það kleift að draga ályktanir af skoðunarstarfsemi, einkum vettvangsheimsóknum, og til að skapa reynslubundinn grundvöll fyrir framtíðarskoðanir og aðrar tengdar ráðstafanir er mikilvægt að öll skoðunarstarfsemi sé skjalfest á tilhlýðilegan hátt, þ.m.t. með reglulegum skýrslum um vettvangsheimsóknir.
- 8) Til að tryggja á skilvirkan hátt að farið sé að skilyrðum fyrir leyfinu er mikilvægt að skoðanir auðveldi og geri kleift að gera frekari ráðstafanir til að bregðast við tilvikum sem koma í ljós þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum.
- 9) Nauðsynlegt er að tæknilegu viðmiðunarreglurnar innihaldi ítarleg ákvæði varðandi mismunandi lífsferla úrgangsstöðva sem falla undir 7. gr. tilskipunar 2006/21/EB þar eð áhættan er mismunandi eftir því á hvaða stigi viðkomandi úrgangsstöðvar eru.
- 10) Þar eð úrgangsstöðvar í A-flokki skapa hugsanlega meiri áhættu er nauðsynlegt að tæknilegu viðmiðunarreglurnar innihaldi sértæk ákvæði að því er varðar slíkar stöðvar.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót í samræmi við 2. mgr. 23. gr. tilskipunar 2006/21/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Tæknilegar viðmiðunarreglur um skoðanir á úrgangsstöðvum í samræmi við 17. gr. tilskipunar 2006/21/EB, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, eru samþykktar.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Virginijus SINKEVIČIUS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

TÆKNILEGAR VIÐMIÐUNARREGLUR UM SKOÐANIR Á ÚRGANGSSTÖÐVUM

A-HLUTI

Markmið

Í þessum viðmiðunarreglum eru settir fram þeir þættir sem taka skal tillit til við skoðanir á úrgangsstöðvum, sem falla undir 7. gr. tilskipunar 2006/21/EB, sem lögbær yfirvöld eiga að inna af hendi í samræmi við 17. gr. þeirrar tilskipunar. Slíkar skoðanir miða að því að tryggja að sérhver úrgangsstöð hafi fengið nauðsynlegt leyfi og að farið sé að viðeigandi skilyrðum fyrir leyfinu. Skoðanirnar tengjast mismunandi lífsferlum úrgangsstöðvanna.

Í þessum viðmiðunarreglum er fjallað um almennan ramma um framkvæmd skoðana (C-hluti), þungamiðju skoðana fyrir hvern mismunandi lífsferil úrgangsstöðvanna (D-hluti) og sérstaka þætti sem skipta máli við skoðun á stöðvum í A-flokki (E-hluti).

B-HLUTI

Skilgreining

Að því er varðar þessar viðmiðunarreglur merkir „skoðun“ öll starfsemi sem lögbært yfirvald tekst á hendur eða sem fer fram fyrir hönd þess til að tryggja að úrgangsstöðvar, sem falla undir 7. gr. tilskipunar 2006/21/EB, uppfylli skilyrðin í leyfinu sem þær verða að afla. Þessi starfsemi getur einkum falið í sér:

- mat á viðeigandi umhverfis- og öryggismálum og áhættu sem stafar af úrgangsstöðvum,
- framkvæmd vettvangsheimsókna til að athuga athafnasvæði, aðstæður á staðnum, viðeigandi búnað, þ.m.t. hvort honum er viðhaldið á fullnægjandi hátt, viðeigandi skjöl og rafræn gögn, innri ráðstafanir og kerfi og vinnsluferli,
- viðtöl við starfsfólk sem starfar í úrgangsstöðinni,
- styrkingu á þekkingu rekstraraðilanna á viðeigandi lagakröfum og umhverfisáhrifum af starfsemi þeirra,
- töku sýna,
- notkun á jarðfjarkönnunaraðferðum og fjareftirliti í öðru formi, þ.m.t. þær sem fela í sér skynjara á staðnum, eftir því sem við á,
- sannprófun á eigin eftirliti rekstraraðila,
- athugun á skjölum og rafrænum gögnum, þ.m.t. skýrslur rekstraraðila, með öðru móti en með vettvangsheimsóknum,
- athugun á innri ráðstöfunum rekstraraðila og kerfum og vinnsluferlum með öðru móti en með vettvangsheimsóknum,
- athugun á fjárhagslegum tryggingum eða ígildi þeirra,
- skráningu á staðreyndaupplýsingum um tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum,
- greiningu á ástæðum tilviks sem kom í ljós þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum og mögulegar tegundir áhrifa af slíkum tilvikum, þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum, á umhverfið og heilbrigði manna,
- lýsingu á tilviki sem kom í ljós þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum, einkum aðstæðunum (þ.m.t. aðilar) sem leiddu til tilviksins þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum, til að greina, eins og framast er unnt, hvaða aðgerða er þörf til að tryggja að farið sé að tilskildum ákvæðum og gera það kleift, þ.m.t. með samvinnu og með því að deila niðurstöðum skoðana með öðrum viðkomandi lögbærum yfirvöldum.

Skoðanir, þ.m.t. vettvangsheimsóknir, geta verið kerfisbundnar, þ.e. framkvæmdar sem hluti af heild reglulegrar starfsemi, og ókerfisbundnar, þ.e. framkvæmdar til að bregðast við alvarlegum kvörtunum eða til að rannsaka alvarleg slys, tilvik og önnur atvik þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum.

C-HLUTI

Framkvæmd nákvæmra athugana, rannsókna og upplýsingaöflunar

1. Lögbær yfirvöld

Taka skal tillit til eftirfarandi:

- a) tiltækileika lögbærra yfirvalda, sem eru ábyrg fyrir skoðunum, fyrir allt yfirráðasvæði aðildarríkisins og fyrir allar úrgangsstöðvar sem falla undir 7. gr. tilskipunar 2006/21/EB,
- b) sjálfstæðis lögbærra yfirvalda og getu þeirra til að sinna öllum verkefnum sem eru nauðsynleg til að framkvæma skoðanirnar,
- c) heimilda lögbærra yfirvalda til að framkvæma skoðanir, þ.m.t. réttur þeirra til að fara inn í stöðvar og skoða viðeigandi efnislegar eignir, skjöl og rafræn gögn,
- d) hvort nægileg tilföng, starfsfólk og búnaður eru til reiðu fyrir lögbær yfirvöld til að framkvæma skoðanir,
- e) ráðstafana sem lögbær yfirvöld hafa gert vegna samvinnu og samræmingar starfsemi sinnar við önnur viðeigandi yfirvöld, einkum önnur yfirvöld sem bera ábyrgð í tengslum við að farið sé að tilskildum ákvæðum varðandi leyfi sem krafist er samkvæmt landsbundinni umhverfislöggjöf eða umhverfislöggjöf Sambandsins sem gildir um eða varðar stöðvar sem falla undir 7. gr. tilskipunar 2006/21/EB,
- f) stig þekkingar, reynslu og hæfni sem skoðunarmenn verða að búa yfir til að framkvæma skoðanir, einkum að því er varðar hönnun, byggingu, starfsemi og lokun úrgangsstöðva,
- g) skipulagningar á þjálfun til að uppfæra þekkingu skoðunarmanna,
- h) nauðsynlegrar aðstoðar sem rekstraraðilar verða að veita lögbærum yfirvöldum til að gera þeim kleift að framkvæma skoðanir, þ.m.t. vettvangsheimsóknir, sýnatökur og upplýsingaöflun sem er nauðsynleg til að þeir geti innt skyldur sínar af hendi skv. 17. gr. tilskipunar 2006/21/EB.

Við framkvæmd skoðana geta lögbær yfirvöld notið aðstoðar óháðra sérfræðinga og geta falið þeim skoðunarverkefni í samræmi við landslöggjöf að því tilskildu að sérfræðingarnir starfi undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins. Lögbært yfirvald skal ákvarða lágmarksréttindi og hæfi sérfræðinga og meta hvort þessi réttindi og hæfi séu uppfyllt. Lögbært yfirvald skal einnig sannreyna að sérfræðingarnir hafi enga persónulega hagsmuni af því hver niðurstaða skoðunarinnar verður.

2. Skipulag skoðana

2.1. Skoðunaráætlanir

Taka skal tillit til eftirfarandi:

- a) fyrirframskipulagningar á skoðunum með áætlun eða áætlunum, sem eru samdar á viðeigandi stjórnsýslustigi, sem byggjast á almennu mati á viðeigandi umhverfis- og öryggismálum og áhættu í tengslum við úrgangsstöðvar, og, ef upplýsingar um fylgni við tilskilin ákvæði eru þegar tiltækar, heildarmats á stöðu fylgni við tilskilin ákvæði fyrir úrgangsstöðvar sem starfa innan svæðisins sem áætlunin nær yfir. Slíkar áætlanir er unnt að samþætta eða sameina við aðrar skoðunaráætlanir ef það er talið viðeigandi,
- b) reglubundinnar endurskoðunar og eftir því sem við á uppfærslu á skoðunaráætluninni eða -áætlunum,
- c) hvernig fjallað er um hverja úrgangsstöð skv. 7. gr. tilskipunar 2006/21/EB í skoðunaráætlun eða -áætlunum,
- d) að eftirfarandi komi fram í hverri skoðunaráætlun:
 - i. almennt mat á viðeigandi umhverfis- og öryggismálum og áhættu,
 - ii. hvaða landfræðilegt svæði skoðunaráætlunin nær yfir,
 - iii. yfirlit yfir úrgangsstöðvar, sem falla undir skoðunaráætlunina, sem eru með leyfi,
 - iv. leiðir til að tryggja sanngreiningu úrgangsstöðva, sem falla undir 7. gr. tilskipunar 2006/21/EB, sem eru starfræktar án leyfis,
 - v. verklag við framkvæmd kerfisbundinna skoðana,
 - vi. verklag við framkvæmd ókerfisbundinna skoðana,
 - vii. verklag við framkvæmd tilkynntra og fyrirvaralausra vettvangsheimsóknna,
 - viii. ef nauðsyn krefur, ráðstafanir varðandi samvinnu og samræmingu milli mismunandi lögbærra yfirvalda sem eru ábyrg fyrir skoðunum og á milli þessara yfirvalda og annarra yfirvalda sem hafa hlutverki að gegna við að framfylgja leyfum sem krafist er samkvæmt landsbundinni umhverfislöggjöf eða umhverfislöggjöf Sambandsins sem gildir um eða á við um úrgangsstöðvar sem falla undir 7. gr. tilskipunar 2006/21/EB,
 - ix. upplýsingar um mannauð, fjármagn og önnur tilföng sem lögbært yfirvald þarfnast til að koma skoðunaráætluninni til framkvæmda.

2.2. Kerfisbundnar skoðanir

Taka skal tillit til eftirfarandi:

- a) framkvæmdar kerfisbundinna skoðana með reglulegu millibili, byggt á viðeigandi áhættumati á viðkomandi úrgangsstöð,
- b) fullnægjandi tíðni vettvangsheimsóknna, byggt á viðeigandi áhættumati á viðkomandi úrgangsstöð, sem endurspeglar einnig mögulega aukna áhættu af stöðvum í A-flokki,
- c) beitingar eftirfarandi viðmiðana fyrir áhættumat á úrgangsstöðvum:
 - i. möguleg og raunveruleg áhrif viðkomandi stöðva á heilbrigði manna og umhverfið með tilliti til umfangs og gerðar losunar, næmni umhverfisins á staðnum og áhættu á slysum, eins og nánar er tilgreint í bestu aðgengilegu tækni (BAT 5), tilvísunarskjali um bestu aðgengilegu tækni um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði (MWEI BREF) ⁽¹⁾,
 - ii. fyrri reglufylgni,
 - iii. þátttaka rekstraraðila úrgangsstöðvarinnar í umhverfisstjórnunarkerfinu (EMS) eins og nánar er tilgreint í bestu aðgengilegu tækni 1 í tilvísunarskjali um bestu aðgengilegu tækni um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði (MWEI BREF),
- d) hvort skoðunarmaðurinn getur um viðeigandi niðurstöður skoðana, eftir því sem við á, sem voru framkvæmdar samkvæmt annarri gildandi löggjöf Sambandsins,
- e) hvort rekstraraðilinn, þegar vettvangsheimsóknir eru tilkynntar fyrirfram, fái heimsóknaráætlunina og nánari útlistun á upplýsingum og allri annarri aðstoð sem farið er fram á að rekstraraðilinn láti í té,
- f) framkvæmdar rannsóknar og, eins og við á, að niðurstöðum sé deilt með öðrum yfirvöldum ef í ljós kemur að ekki var farið að tilskildum ákvæðum eða ef áhætta er á að ekki verði farið að tilskildum ákvæðum, einkum með það í huga að:
 - i. gefa lýsingu á tilvikinu þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum eða áhættunni á að ekki væri farið að tilskildum ákvæðum, skýra nánar orsakir þess og áhrif á umhverfið og heilbrigði manna og einkum að skýra nánar þær aðstæður (þ.m.t. aðilar) sem leiddu til þess að ekki var farið að tilskildum ákvæðum,
 - ii. til verði staðreyndagrunnur til að auðvelda og gera kleift að bregðast við á viðeigandi hátt til að taka á tilviki sem kom í ljós þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum og til að koma í veg fyrir frekari tilvik í framtíðinni þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, þ.m.t., eins og við á, viðbótarskoðanir, ráðstafanir rekstraraðila til úrbóta, uppfærsla á skilyrðunum fyrir leyfinu, leyfið fellt tímabundið úr gildi eða viðurlögum beitt,
- g) ef starfsemi úrgangsstöðvar var stöðvuð tímabundið vegna þess að ekki var farið að skilyrðum fyrir leyfinu: ráðist var í frekari skoðunarstarfsemi með það í huga að ná þeim umhverfislegu niðurstöðum og öðrum niðurstöðum sem skilyrðunum fyrir leyfinu var ætlað að tryggja.

2.3. Ókerfisbundnar skoðanir

Taka skal tillit til eftirfarandi:

- a) framkvæmdar ókerfisbundinna skoðana, þ.m.t. vettvangsheimsóknir, eins skjótt og auðið er eftir að lögbært yfirvald fær alvarlegar kvartanir um að ekki hafi verið farið að kröfunum fyrir leyfinu eða verður á annan hátt vart við alvarleg slys, tilvik eða atvik þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum, án tillits til þess hvort tilkynna þarf um slíka atburði skv. 3. mgr. 11. gr. eða 6. mgr. 12. gr. tilskipunar 2006/21/EB, einkum með það í huga að:
 - i. skýra nánar orsakir atburðarins, áhrif hans á umhverfið og heilbrigði manna og einkum að skýra nánar þær aðstæður (þ.m.t. aðilar) sem leiddu til þess að ekki var farið að tilskildum ákvæðum,
 - ii. til verði staðreyndagrunnur til að auðvelda og gera kleift að bregðast við á viðeigandi hátt til að taka á tilviki sem kom í ljós þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum og til að koma í veg fyrir slys, tilvik eða atvik í framtíðinni þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, þ.m.t., eins og við á, viðbótarskoðanir, ráðstafanir rekstraraðila til úrbóta, uppfærsla á skilyrðunum fyrir leyfinu, leyfið fellt tímabundið úr gildi eða viðurlögum beitt,
- b) hvort skoðunarmaðurinn getur um viðeigandi niðurstöður skoðana, eftir því sem við á, sem voru framkvæmdar samkvæmt annarri gildandi löggjöf Sambandsins,
- c) framkvæmdar kerfisbundinna skoðana eins skjótt og auðið er að því er varðar og, eftir því sem við á, fyrir endurskoðun eða uppfærslu leyfis.

2.4. Fyrirvaralausar vettvangsheimsóknir

Taka skal tillit til eftirfarandi:

⁽¹⁾ http://eippcb.jrc.ec.europa.eu/reference/BREF/jrc109657_mwei_bref_-_for_pubsuby_online.pdf

- a) að ráðist sé í viðeigandi fjölda fyrirvaralausra vettvangsheimsóknna, einkum þar sem við á til að greina vandamál eða áhættustöðu eða þörf er á að bregðast við knýjandi aðstæðum,
- b) að í ákvörðunum um fyrirvaralausar vettvangsheimsóknir sé fjallað um, eftir því sem unnt er, sjónarmið er varða heilbrigði, umhverfi og öryggi og hugsanlega þörf á að starfsfólk á aðgerðasviði (e. *operational staff*) úrgangsstöðvarinnar sé á staðnum.

3. Skjalfesting á skoðunum

3.1. Skjalfesting á skoðunarstarfsemi, þ.m.t. vettvangsheimsóknir

Taka skal tillit til eftirfarandi:

- a) viðeigandi skjalfestingar á allri skoðunarstarfsemi,
- b) samantektar skýrslu, eftir hverja vettvangsheimsókn til úrgangsstöðvar, um vettvangsheimsóknina sem er skráð skriflega og geymd á auðgreinanlegu sniði í gagnagrunni sem er auðveldlega aðgengilegur og viðhaldið á fullnægjandi hátt,
- c) í skýrslunni um vettvangsheimsóknina kemur fram tilgangurinn með skoðuninni, gögn, upplýsingar og niðurstöður sem safnað er, mat á því og ályktun um hvort úrgangsstöðin uppfylli viðeigandi skilyrði í leyfinu og hvort frekari aðgerð ætti að fylgja,
- d) lokið er við skýrsluna um vettvangsheimsóknina innan tveggja mánaða frá vettvangsheimsókninni nema alvarlegri ágallar hafi komið í ljós við vettvangsheimsóknina en í því tilviki er e.t.v. þörf á að veita annan frest,
- e) möguleika rekstraraðila á að fá tækifæri til að senda athugasemdir fyrir eða eftir lok skýrslunnar um vettvangsheimsóknina, eftir því sem við á,
- f) aðgengi almennings að niðurstöðum vettvangsheimsóknar og, og eins og við á, annarrar skoðunarstarfsemi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB ⁽²⁾.

D-HLUTI

Pungamiðja skoðana eftir mismunandi lífsferlum úrgangsstöðvanna

1. Skoðanir á nýjum úrgangsstöðvum áður en afsetning úrgangs hefst

Að því er varðar skoðunina skal taka tillit til eftirfarandi:

- a) framkvæmdar ráðstafana sem gripið er til í þeim tilgangi að lágmarka umhverfisáhrif meðan starfsemi stendur yfir og eftir lokun, þ.m.t., ef þörf krefur, meðhöndlun mengaðs vatns og sigvatns,
- b) hvort staðsetning, hönnun og bygging úrgangsstöðvarinnar eru í samræmi við þá öryggis- og umhverfisþætti sem koma fram í leyfinu,
- c) innihalds, tiltækileika og virkni kerfisins til eigin eftirlits til reglulegrar vöktunar og sjálfskoðunar rekstraraðila og til áætlaðrar skýrslugjafar um vöktunargögn til lögbærs yfirvalds,
- d) framkvæmdar á ráðstöfunum til stjórnunar, viðhalds og gæslu sem eru skipulagðar til að eðlisrænn stöðugleiki stöðvarinnar sé tryggður og til að koma í veg fyrir mengun eða smitun jarðvegs, andrúmslofts, yfirborðsvatns eða grunnvatns til skamms og langs tíma sem og til að draga úr mögulegum skaða á landslagi eins og framast er unnt,
- e) hvort nægur mannaúður er tiltækur og hæfni starfsfólks sem er ábyrgt fyrir umhverfisstjórnun og öryggi úrgangsstöðvarinnar,
- f) hvort áætlunin um lokun, sem um getur í f-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2006/21/EB, er fullnægjandi,
- g) hvort fjárhagsleg trygging eða jafngildi hennar er fullnægjandi að því er varðar fjárhæð og form þegar lögbært yfirvald krefst fjárhagslegrar tryggingar eða jafngildis hennar; hvort þörf er á að endurskoða og sannreyna flokkun úrgangsstöðvarinnar sem stöðvar í A-flokki eða stöðvar sem er ekki í A-flokki,
- h) hvort önnur skilyrði fyrir leyfinu eru uppfyllt og allar aðrar viðeigandi kröfur sem settar eru fram í tilskipun 2006/21/EB.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).

2. Skoðanir á úrgangsstöðvum í rekstri

Að því er varðar skoðunina skal taka tillit til eftirfarandi:

- a) skaðlegra áhrifa á umhverfið og heilbrigði manna frá úrgangsstöðinni og ráðstafana sem gripið er til í þeim tilgangi að lágmarka umhverfisáhrif; einkum hentugleika byggingarinnar, stjórnun og viðhald úrgangsstöðvarinnar til að tryggja eðlissrænan stöðugleika hennar og til að koma í veg fyrir mengun eða smitun jarðvegs, andrúmslofts, yfirborðsvatns eða grunnvatns til skamms og langs tíma sem og til að draga úr mögulegum skaða á landslagið eins og framast er unnt og hvernig þessi áhrif samræmast skilyrðum fyrir leyfinu og upplýsingum í mati á umhverfisáhrifum, ef slíks mats er krafist,
- b) hvort magn, eiginleikar og flokkun úrgangs sem er afsettur í úrgangsstöðinni eru í samræmi við þá þætti sem koma fram í leyfinu,
- c) hvort áætluð myndun sigvatns, þ.m.t. innihald mengunarefna í sigvatninu, í afsetta úrganginum og vatnsjöfnuður úrgangsstöðvarinnar eru í samræmi við þá þætti sem koma fram í leyfinu,
- d) breytinga á skipulagi og starfsemi úrgangsstöðvar: athugun á 1) vatnsstjórnun, 2) gæðum jarðtæknilegrar byggingarstarfsemi (t.d. reist stífla/fyrirhleðsla), 3) stjórnun jarðtæknilegra öryggiskerfa (t.d. yfirborðsefni, vöktun á stöðugleika og öryggi), 4) magni og eiginleikum úrgangs sem er afsettur samanborett við framreikninga í úrgangsstjórnunaráætluninni, 5) myndun sigvatns, þ.m.t. innihald mengunarefna í sigvatninu samanborett við framreikninga í úrgangsstjórnunaráætluninni, 6) vatnsjöfnuði úrgangsstöðvar samanborett við framreikninga í úrgangsstjórnunaráætluninni og 7) tækni sem er notuð við umhverfis- og öryggisstjórnun og umhverfisvöktun og hversu fullnægjandi hún er,
- e) samþykkt ráðstafana sem mælt er með eða lagðar eru á eftir fyrri skoðanir,
- f) skýrsla og yfirlýsinga um umhverfis- og öryggisúttektir, ef þess er krafist í leyfinu,
- g) niðurstaðna, heildstæðni, stjórnunar og virkni áætlunar til eigin eftirlits að því er varðar reglulega vöktun og skýrslugjöf um öll vöktunargögn (ef við á) til lögbærs yfirvalds,
- h) sýnilegra frávik á staðnum,
- i) hvort sýnataka og greining á eiginleikum úrgangs frá námuvinnslu er dæmigerð,
- j) hlutverka, ábyrgðar og hæfni starfsfólks sem er ábyrgt fyrir umhverfis- og öryggisstjórnun úrgangsstöðvarinnar sem og hvort nægur mannaúður er fyrir hendi og hvort starfsfólk fær þjálfun,
- k) verklags við að tilkynna lögbæru yfirvaldi um alla atburði sem líklegt er að hafi áhrif á stöðugleika úrgangsstöðvarinnar og öll umtalsverð, neikvæð umhverfisáhrif sem koma í ljós þegar eftirlits- og vöktunaraðferðum er beitt,
- l) hvort áætlunin um lokun, sem um getur í f-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2006/21/EB, er fullnægjandi og samræmi við hvers kyns stigvaxandi lokunarráðstafanir sem tilgreindar eru í áætluninni,
- m) hvort upphæð og form fjárhagslegrar tryggingar eða jafngildis hennar er fullnægjandi að því er varðar útreiknaðan kostnað við skuldbindingar rekstraraðilans samkvæmt leyfinu, þ.m.t. fyrirkomulag við lokun og eftir lokun og endurmótun lands sem varð fyrir áhrifum, ef lögbært yfirvald krefst fjárhagslegrar tryggingar eða jafngildis hennar,
- n) flokkunar úrgangsstöðvarinnar sem stöðvar í A-flokki eða stöðvar sem er ekki í A-flokki,
- o) hvort önnur skilyrði fyrir leyfinu eru uppfyllt og allar aðrar viðeigandi kröfur sem settar eru fram í tilskipun 2006/21/EB.

3. Lokaskoðun úrgangsstöðvar á staðnum í samræmi við 3. mgr. 12. gr. tilskipunar 2006/21/EB

Að því er varðar skoðunina skal taka tillit til eftirfarandi:

- a) skaðlegra áhrifa á umhverfið og heilbrigði manna frá úrgangsstöðinni og ráðstafana sem gripið er til í þeim tilgangi að lágmarka slík áhrif eftir lokun, þ.m.t., ef þörf krefur, meðhöndlun mengaðs vatns og sigvatns,
- b) hvort framkvæmd áætlunarinnar um lokun, sem um getur í f-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2006/21/EB, er fullnægjandi,
- c) endurmótunar lands sem varð fyrir áhrifum af úrgangsstöðinni,
- d) hvort áætlun og fyrirkomulag fyrir viðhald, vöktun, eftirlit og ráðstafanir til úrbóta í fasanum eftir lokun úrgangsstöðvarinnar eru fullnægjandi, þ.m.t. virkni búnaðar til vöktunar, gæslu og eftirlits og hvort hann er fullnægjandi,

- e) hvort upphæð og form fjárhagslegrar tryggingar eða jafngildis hennar er fullnægjandi að því er varðar útreiknaðan kostnað við skuldbindingar rekstraraðilans samkvæmt leyfinu, þ.m.t. að ljúka fyrirkomulaginu við lokun og eftir lokun og eftirstandandi endurmótun lands sem varð fyrir áhrifum, ef lögbært yfirvald krefst fjárhagslegrar tryggingar eða jafngildis hennar,
- f) flokkunar úrgangsstöðvarinnar sem stöðvar í A-flokki eða stöðvar sem er ekki í A-flokki,
- g) hvort önnur skilyrði fyrir leyfinu eru uppfyllt og allar aðrar viðeigandi kröfur sem settar eru fram í tilskipun 2006/21/EB.

4. *Skoðanir á úrgangsstöðvum eftir lokun, að því er varðar stöðvar sem var lokað eftir 1. maí 2008*

Að því er varðar skoðunina skal taka tillit til eftirfarandi:

- a) skaðlegra áhrifa á umhverfið og heilbrigði manna frá úrgangsstöðinni og ráðstafana sem gripið er til í þeim tilgangi að lágmarka slík áhrif eftir lokun, þ.m.t., ef þörf krefur, meðhöndlun mengaðs vatns og sigvatns,
- b) samræmis á milli skaðlegra áhrifa, sem um getur í a-lið, annars vegar og skilyrðanna fyrir leyfinu og upplýsinganna í matinu á umhverfisáhrifum hins vegar, ef gerð er krafa um slíkt,
- c) hvort myndun sigvatns, þ.m.t. innihald mengunarefna í sigvatninu, í afsetta úrganginum og vatnsjöfnuður úrgangsstöðvarinnar og, ef þörf krefur, meðhöndlun mengaðs vatns og sigvatns eru í samræmi við þá þætti sem koma fram í leyfinu,
- d) hvort framkvæmd áætlunarinnar um lokun, sem um getur í f-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2006/21/EB, er fullnægjandi,
- e) hvort áætlunin um lokun, sem um getur í f-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2006/21/EB, er fullnægjandi, einkum að því er varðar þörfina fyrir viðbótarráðstafanir varðandi lokun og endurmótun sem byggja á mati á umhverfisáhrættu og umhverfisáhrifum,
- f) endurmótunar lands sem varð fyrir áhrifum af úrgangsstöðinni; hvort áætlunin og fyrirkomulagið við viðhald, vöktun, eftirlit og ráðstafanir til úrbóta í fasanum eftir lokun úrgangsstöðvarinnar eru fullnægjandi, þ.m.t. virkni búnaðar til vöktunar, gæslu og eftirlits og hvort hann er fullnægjandi, og skýrslugjöf um öll vöktunargögn til lögbærs yfirvalds,
- g) verklags við að tilkynna lögbæru yfirvaldi um alla atburði eða þróun sem líklegt er að hafi áhrif á stöðugleika úrgangsstöðvarinnar og öll umtalsverð, neikvæð umhverfisáhrif sem koma í ljós þegar eftirlits- og vöktunaraðferðum er beitt,
- h) hvort upphæð og form fjárhagslegrar tryggingar eða jafngildis hennar sé fullnægjandi að því er varðar útreiknaðan kostnað við skuldbindingar samkvæmt leyfinu, þ.m.t. að ljúka fyrirkomulaginu eftir lokun, aðgerðir til úrbóta og endurmótun lands sem varð fyrir áhrifum, ef lögbær yfirvöld krefjast fjárhagslegrar tryggingar eða jafngildis hennar,
- i) flokkunar úrgangsstöðvarinnar sem stöðvar í A-flokki eða stöðvar sem er ekki í A-flokki,
- j) hvort önnur skilyrði fyrir leyfinu eru uppfyllt og allar aðrar viðeigandi kröfur sem settar eru fram í tilskipun 2006/21/EB.

E-HLUTI

Viðbótarþættir við skoðanir á úrgangsstöðvum í A-flokki

1. *Skoðanir á stíflum í úrgangsstöðvum í A-flokki sem innihalda úrkast*

Til viðbótar við viðeigandi þætti sem tilgreindir eru í D-hluta skal skoðunarmaðurinn taka tillit til eftirfarandi þegar skoðunin varðar stíflur í úrgangsstöðvum í A-flokki sem innihalda úrkast:

- a) tegundar og ástands verndar gegn rofi,
- b) hvort vatnafræðileg hönnun er fullnægjandi, s.s. vatnsjöfnuður, tiltækt fríborð (e. *free-board*) (lóðrétt fjarlægð (hæð) milli hámarksvatnsborðs eins og það er venjulega í vatnsgryfjunni og hæsta hluta stíflunnar),
- c) samsetningar, ástands og heilleika burðarvirkis afsetningarsvæðisins (e. *beach*), s.s. hvort lægðir eru fyrir hendi, þéttleiki úrkasts, stjórn á ryki,
- d) breytingar á hæsta hluta stíflunnar og halla þegar núverandi ástand er borin saman við hönnunina,
- e) virkni og ástand frárennsliskerfisins og staða þess og jarðtæknileg burðarvirki (s.s. himnur og dúkar til jarðtæknilegra nota, stíflur) og búnaður (s.s. vöktun stíflumannvirkis),
- f) leka- og sýtursvæði og magn efnis sem hefur lekið,

- g) skaði sem komið hefur í ljós,
- h) tré og gróður við stífluna.

2. Skoðanir á losunaraðstöðu í úrgangsstöð í A-flokki sem inniheldur úrkast

Til viðbótar við viðeigandi þætti sem tilgreindir eru í D-hluta skal skoðunarmaðurinn taka tillit til eftirfarandi þegar skoðunin varðar losunaraðstöðu í úrgangsstöð í A-flokki sem inniheldur úrkast og virkni slíkrar losunaraðstöðu:

- a) hvort aðgangur að losunarlínunum og losunarstöðum er fullnægjandi,
- b) skemmda á byggingar- og eftirlitsbúnaði,
- c) leka gegnum og umhverfis losunaraðstöðu,
- d) rofs í útrennslisopinunum meðstreymis (e *downstream outlet*),
- e) gróðurs í eða nálægt losunaraðstöðu,
- f) búnaðar til að stjórna losun,
- g) neyðarlosunaraðstöðu,
- h) varaafgjafa,
- i) hraða aukningar á losun í vatnsgryfju undir úrkast og tengdan hraða aukningar á yfirborðshæð vatnsgryfjunnar (mælt í metrum/árum),
- j) kerfi til að losa úrkast,
- k) vatnsstjórnunarkerfi.

3. Skoðanir á úrgangsstöðvum í A-flokki sem innihalda úrgangsgrjót

Til viðbótar við viðeigandi þætti sem tilgreindir eru í D-hluta skal skoðunarmaðurinn taka tillit til eftirfarandi þegar skoðunin varðar úrgangsstöðvar í A-flokki sem innihalda úrgangsgrjót:

- a) veðrunar grjótsins,
- b) gæða og magns syturvatns,
- c) hvort ráðstafanirnar sem gripið er til í þeim tilgangi að lágmarka umhverfisáhrif stöðva sem innihalda úrgangsgrjót eru fullnægjandi,
- d) réttleika og skilvirkni starfsemi við endurræktun, byggt á viðkomandi lagalegum skuldbindingum.